

Alþingi  
Erindi nr. P. 28/1352  
komudagur 27.2.2003

UST

Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000  
☎ (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

26. febrúar 2003  
Skjalanúmer: 110-0  
Tilvísun: U20030200144/kg


### Frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 550. mál


Vísað er til erindis félagsmálanefndar, dags. 18. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 550. mál. Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, hreindýraráðs og dýraverndarráðs. Umhverfisstofnun hefur m.a. það hlutverk að hafa yfirumsjón með framleiðslu, innflutningi, útflutningi, umflutningi, flutningi, markaðssetningu, efnavöruskráningu, leyfisveitingum, merkingum, geymslu, notkun, takmörkun eða bann við notkun svo og förgun efna og efnavara hér á landi.

Í meðfylgjandi greinargerð er umsögn Umhverfisstofnunar um þá þætti frumvarpsins sem falla að verksviði stofnunarinnar m.a. með tilvísan til laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun er að sjálfsögðu reiðubúin að senda fulltrúa sína á fund félagsmálanefndar, ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

  
Sigurbjörg Gísladóttir  
staðgengill forstjóra

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður

Meðf.: Fylgiskjal - Athugasemdir um frumvörp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.  
Afrit: Umhverfisráðuneytið  
Félagsmálaráðuneytið

## Fylgiskjal

### Athugasemdir um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

#### *Almennar athugasemdir*

Eins og bent er á í greinargerð með frumvarpinu er eftirlit með meðferð hættulegra efna og eiturefna um margt flókin þar sem ekki virðist alltaf ljóst hver það er sem hefur eftirlit með höndum. Vegna þessa hefur verið unnið að endurskoðun lagaumhverfisins hvað þetta varðar. Bæði lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, eru komin til ára sinna og þarfnast endurnýjunar, m.a. í því skyni að skýra mörk og réttarstöðu við framkvæmd laganna. Umhverfisstofnun bendir á að nú er í vinnslu drög að frumvarpi um efni og efnavöru sem ætlað er að færa þennan efnisflokk til nútímahorfs. Því starfi er því miður ekki lokið þannig að enn um sinn marka lög nr. 52/1988 rammann um málaflokkinn.

Í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er hins vegar að ýmsu leyti unnið út frá því að lög um efni og efnavöru hafi tekið gildi og breytingar á lögum nr. 46/1980 gerðar í samræmi við það (sjá t.d. umfjöllun um 16. og 17. gr. í greinargerð). Umhverfisstofnun telur hættu á að við þetta skapist gót í löggjöf um eftirlit með meðhöndlun eiturefna og hættulegra efna. Einnig skapast óvissa og hætta á misskilningi í beitingu laganna. Hér má nefna ákvæði um að öryggisblöð eða leiðbeiningar á íslensku fylgi með þegar hættuleg efni eða efnavörur eru afhent, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga nr. 46/1980. Ekkert sambærilegt ákvæði er í lögum nr. 52/1988.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar*

16. gr.

Umhverfisstofnun telur að orðalag síðustu mgr. 16. gr. sé ekki nægjanlega skýrt. Sem dæmi má nefna að hugtakið „að koma úrgangi fyrir“ má skilja sem förgun úrgangs sem stofnunin telur þó ekki vera hugsunina og er auk þess ekki innan gildissviðs frumvarpsins. Umhverfisstofnun leggur því til eftirfarandi orðalagsbreytingu (breyting skáletruð):

...  
Efni eða efnavara sem stofnar eða getur stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu skal vera í öruggum umbúðum á vinnustöðum. *Hættulegur efnaurgangur* og spilliefni *skulu geymd* með öruggum hætti á vinnustað.

Umhverfisstofnun bendir á, vegna umfjöllunar um þessa grein í greinargerð með frumvarpinu, að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur einnig með höndum umtalsvert hlutverk varðandi eftirlit með notkun hættulegra efna og efnavara.

17. gr.

Umhverfisstofnun bendir á, í samræmi við niðurstöðu vinnuhóps umhverfistráðuneytisins sem vinnur að endurskoðun laga nr. 52/1988, að útgáfa eiturefnaleyfa fyrir varnarefni og tiltekin sæfiefni verður áfram á hendi Umhverfisstofnunar. Því er nauðsynlegt að undanskilja þau leyfi hér. Stofnunin telur

og nauðsynlegt að hún fái upplýsingar um þau eiturefnaleyfi sem gefin eru út hér á landi, í samræmi við yfirumsjónarhlutverk sitt skv. lögum nr. 52/1988.

Að lokum leggur Umhverfisstofnun til að áréttað verði í 3. mgr. 50. gr. að reglusetning félagsmálaráðherra verði tilgreind varðandi viðeigandi þætti á vinnustöðum. Stofnunin leggur því til eftirfarandi breytingartillögu á greininni:

Vinnueftirlit ríkisins gefur út eiturefnaleyfi til einstaklinga og fyrirtækja sem við framkvæmd vinnu nota að staðaldri eiturefni eða efnavöru sem flokkast sem eiturefni að uppfylltum skilyrðum 50. gr. og reglugerðar sem sett er skv. 3. mgr. Í eiturefnaleyfi skal tilgreina þau efni sem leyfið nær til. Þetta ákvæði á ekki við um eiturefnaleyfi fyrir varnarefni, nagdýra- og skordýraeitur. Vinnueftirlit ríkisins skal árlega láta Umhverfisstofnun í té upplýsingar um leyfishafa og um hvaða eiturefni leyfið á við.

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með að merkingar, notkun, geymsla og flutningur efna og efnavöru á vinnustöðum fullnægi gildandi lögum, reglum og viðurkenndum stöðlum. Vinnueftirlitinu er heimilt að banna framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og efnavara á vinnustöðum þegar það þykir sýnt að heilsu manna er hættu búin. Sama á við um efni þegar ekki liggja fyrir, að mati stofnunarinnar, fullnægjandi upplýsingar um innihald, samsetningu, meðferð, notkun eða vörslu þeirra.

Félagsmálaráðherra skal setja nánari reglur, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og umhverfisráðuneytis, um skilyrði eiturefnaleyfis, mengunarmörk, meðferð, umbúðir, áfyllingu, merkingu, geymslu, flutning efna og efnavöru á vinnustöðum og notkun þeirra, sem geta stofnað heilsu starfsmanna í hættu eða leitt til lakari aðbúnaðar á vinnustöðum.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

*Gunnlaug Einarsdóttir, fagstjóri*  
*Kristján Geirsson, fagstjóri*  
*Sjórnslusvið*  
*Umhverfisstofnun*